

1993 nr. 29 13. apríl**Lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.**

Tóku gildi 1. júlí 1993. *Breytt með* l. 122/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994), l. 41/1995 (tóku gildi 9. mars 1995), l. 48/1996 (tóku gildi 1. júní 1996), l. 47/1997 (tóku gildi 29. maí 1997), l. 140/1997 (tóku gildi 30. des. 1997), l. 83/1998 (tóku gildi 1. júlí 1998 nema III. kafli sem tók gildi 24. júní 1998 og II. kafli sem tók gildi 11. okt. 1998), l. 151/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999 nema 3. og 5. gr. sem tók gildi 11. febr. 1999; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 13. gr.), l. 159/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999 nema 2. gr. sem tók gildi 30. des. 1998), l. 86/1999 (tóku gildi 22. okt. 1999), l. 8/2000 (tóku gildi 7. apríl 2000 nema d-liður 3. gr. sem tók gildi 15. maí 2000), l. 38/2000 (tóku gildi 26. maí 2000), l. 104/2000 (tóku gildi 1. júlí 2000), l. 56/2001 (tóku gildi 1. júlí 2001), l. 22/2002 (tóku gildi 4. apríl 2002), l. 19/2003 (tóku gildi 28. mars 2003), l. 119/2003 (tóku gildi 28. nóv. 2003), l. 29/2004 (tóku gildi 26. maí 2004), l. 87/2004 (tóku gildi 1. júlí 2005), l. 72/2005 (tóku gildi 1. júlí 2005), l. 139/2006 (tóku gildi 21. des. 2006), l. 77/2007 (tóku gildi 5. apríl 2007), l. 112/2008 (tóku gildi 1. okt. 2008 nema 12. tölul. 59. gr. sem tók gildi 25. sept. 2008; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 2. mgr. 56. gr.), l. 137/2008 (tóku gildi 12. des. 2008), l. 140/2008 (tóku gildi 16. des. 2008), l. 147/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), l. 175/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), l. 60/2009 (tóku gildi 30. maí 2009), l. 130/2009 (tóku gildi 30. des. 2009 nema 7.–9. gr. og 13.–42. gr. sem tók gildi 1. jan. 2010), l. 156/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 164/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011 nema 2., 6., 22. og 26. gr. sem tók gildi 31. des. 2010; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 29. gr.), l. 165/2010 (tóku gildi og komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 69. gr.), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 164/2011 (tóku gildi 30. des. 2011 nema 1.–2., 4.–5., 7., 15.–21., 24.–27., 29.–30. og 34.–39. gr. sem tók gildi 1. jan. 2012; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 40. gr.), l. 146/2012 (tóku gildi 1. jan. 2013 nema a- og d-liður 2. gr. sem tók gildi 1. jan. 2013, sbr. l. 79/2013, 1. gr., og c-liður 2. gr. og 34. gr. sem tók gildi 1. júlí 2013; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 35. gr.), l. 59/2013 (tóku gildi 1. júlí 2013), l. 140/2013 (tóku gildi 31. des. 2013 nema 1.–2., 4.–12., 16.–18., 23.–29., 31.–32., 34.–38. og 40.–48. gr. sem tók gildi 1. jan. 2014 og 21. gr. sem tók gildi 1. jan. 2016; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 49. gr.), l. 141/2013 (tóku gildi 1. jan. 2014), l. 46/2014 (tóku gildi 1. júní 2014), l. 124/2014 (tóku gildi 1. jan. 2015 nema 3. gr. sem tók gildi 31. des. 2014 og a–d-, f–h- og j–l-liður 1. gr. sem tók gildi 1. jan. 2016; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 11. gr.), l. 125/2014 (tóku gildi 31. des. 2014 nema 6., 8., 13.–18., 21.–25. og 29. gr. sem tók gildi 1. jan. 2015; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 30. gr.), l. 33/2015 (tóku gildi 1. júlí 2015; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 22. gr.), l. 115/2015 (tóku gildi 16. des. 2015) og l. 125/2015 (tóku gildi 1. jan. 2016 nema 2., 4.–5., 8., 24., 31., 37., 45., 48.–52., 54.–55. og 57.–58. gr. sem tók gildi 31. des. 2015 og a–d-liður 1. gr., 6.–7., 13. og 15. gr. sem taka gildi 1. jan. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 59. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Almenn ákvæði og gjaldskylda.

■ 1. gr. Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af ökutækjum sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, o.fl., svo sem nánar greinir í lögum þessum, sbr. 87. kafla viðauka I við tollalög, [nr. 88/2005],¹⁾ og eldsneyti, sbr. 27. kafla viðauka I við tollalög, [nr. 88/2005],¹⁾ eftir því sem segir í lögum þessum.

¹⁾ L. 147/2008, 36. gr.**Gjaldskylda.**

■ 2. gr. Gjaldskyldan nær til allra vara, sbr. 1. gr., nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar, unnið er að eða settar eru saman hér á landi. Vara, sem seld er úr landi, er þó ekki gjaldskyld.

□ Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga, [nr. 88/2005],¹⁾ og gilda ákvæði þeirra um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um flokkun vara jafnframt um vörugjald.

¹⁾ L. 147/2008, 36. gr.**II. kafli. Vörugjald af ökutækjum o.fl.****Gjaldflokkar ökutækja.**

■ 3. gr. [Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. og 5. gr., skal lagt vörugjald samkvæmt aðalflokki í eftirfarandi gjaldbilum miðað við skráða losun koltvísýrings (CO₂) viðkomandi ökutækis, mælt í grómmum á hvern ekinn kílómetra:

Gjaldbil	Skráð losun CO ₂	Aðalflokkur	Gjald í %	
			Undanþáguflokkur	skv. 5. gr.
A	0–80	0		0
B	81–100	10		0
C	101–120	15		0
D	121–140	20		0
E	141–160	25		5
F	161–180	35		10
G	181–200	45		15
H	201–225	55		20
I	226–250	60		25
J	yfir 250	65		30

□ Ef ökutæki er framleitt og skráð með metan sem aðalorkugjafa skal vörugjald ökutækisins að hámarki vera 1.250.000 kr. lægra en útreikningur skv. 1. mgr. segir til um. Lækkun samkvæmt þessum lið skal jafnframt eiga við um ökutæki sem tilgreind eru í g- og h-lið 2. tölul. 4. gr.

□ [Lækkun á vörugjaldi sem gjaldanda hlotnast samkvæmt undanþáguflokki 1., 3. og 4. tölul. 2. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr., getur aldrei numið hæri fjárhæð en 1.250.000 kr. . . .¹⁾²⁾³⁾

¹⁾ L. 125/2015, 27. gr. ²⁾ L. 146/2012, 18. gr. ³⁾ L. 156/2010, 1. gr.

■ 4. gr. [Vörugjald samkvæmt lögum þessum skal vera sem hér segir:

1. Ökutæki undanþegin vörugjaldi:

a. Dráttarbifreiðar fyrir festivagnna og sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.

b. Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflytninga og eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.

c. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar, kranabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd yfir 5 tonn.

d. Tengivagnar og festivagnar til vöruflytninga sem eru yfir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd.

e. Dráttarbifreiðar að heildarþyngd 4 tonn eða meira sem gerðar eru til nota utan þjóðvega.

f. Slökkvibifreiðar og sjúkrabifreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.

g. Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota.

h. Dráttarvélar.

i. Beltabifreiðar (snjóbíllar), yfir 700 kg að eigin þyngd, sérstaklega ætlaðar til aksturs í snjó.

j. Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög.

k. Ökutæki í eigu erlendra sendiráða, sendiræðisskrifstofa og sendiræðismanna sé slíkt skylt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Sama gildir um alþjóðasamtök og alþjóðastofnanir sem hér eru.

l. Sérsmíðaðar keppnisbifreiðar og keppnisbifhjól sem eru skráð sem slík og einungis notuð í skipulögðum keppnum og æfingum á vegum samtaka akstursíróttamanna, svo og til aksturs til og frá slíkum atburðum. Skráningarkerki bifreiðanna og bifhjólanna skulu auðkennd sérstaklega. Ráðherra setur nánari reglur um gerð og útbúnað þeirra, svo og til hvaða atburða akstursheimildin taki. Sé brotið í bága við þær reglur skal vörugjald innheimt að fullu.

m. Bifreiðar í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum eða [fatlaðs fólks]¹⁾ sem eru sérstaklega [útbúnar fyrir fatlað fólk. Bifreiðarnar skulu búnar hjólastóla-

lyftu eða öðrum sambærilegum búnaði²⁾ og samþykktar af Sjúkratryggingum Íslands.

n. Ökutæki sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita enda liggja fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að viðkomandi ökutæki verði einungis notuð í þágu björgunarsveita.

o. Hópfærðabifreiðar sem skráðar eru fyrir 10 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni að leyfðri heildarþyngd 5 tonn eða meira.

p. Bifhjól samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga sem knúin eru af rafhreyfli að öllu leyti.

q. Grindur með hreyfli og ökumannshúsi án vöruflutningarárýmis.

2. 13% vörugjald:

a. Kranabifreiðar og borkranabifreiðar sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd.

b. Yfirbyggingar, þ.m.t. ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.

c. Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd, aðrir tengi- og festivagnar.

d. Dráttarabifreiðar fyrir festivagna sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki að heildarþyngd 5 tonn eða minna.

e. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.

f. Fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki 40 ára og eldri.

g. Sendibifreiðar sem aðallega eru ætlaðar til vöruflutninga undir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, með sambyggt stýrishús og flutningsrými og án farþegasæta í farmrými.

h. Grindur með hreyfli og ökumannshúsi sem búið er að bæta við vöruflutningarárými, sbr. q-lið 1. tölul.

3. 30% vörugjald:

a. Hópfærðabifreiðar sem skráðar eru fyrir 10 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni að leyfðri heildarþyngd 5 tonn eða minna. Sömu ökutæki í eigu hópfærða- eða sérleyfishafa eða í fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við hópfærða- eða sérleyfishafa skulu bera 5% vörugjald.

b. Bifhjól samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga og jafnframt stigin bifhjól, [fjór hjól, sex hjól, körtur, golfbílur og beltabifreiðar, þ.m.t. vélsleðar].²⁾

c. Önnur vélknúin ökutæki sem ekki eru sérstaklega talin upp í þessum kafla.]³⁾

¹⁾ L. 115/2015, 17. gr. ²⁾ L. 33/2015, 18. gr. ³⁾ L. 156/2010, 2. gr.

■ 5. gr. . . . ¹⁾

□ [Vörugjald af eftirfarandi ökutækjum skal vera sem hér greinir]:¹⁾

[1.]¹⁾ [[Vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt undanþáguflokki 3. gr. miðað við skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra.]¹⁾ Skilyrði lækkunar vörugjalds af leigubifreið eru að kaupandi henni hafi atvinnuleysi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.]²⁾

[[2.]¹⁾ . . . ³⁾]²⁾

[3.]¹⁾ [Vörugjald af bifreiðum til ökukennslu skal lagt á samkvæmt undanþáguflokki 3. gr. miðað við skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra.]¹⁾ Skilyrði fyrir því að bifreið til

ökukennslu beri vörugjald samkvæmt þessum tölulíð eru að kaupandi hennar hafi hlotið löggildingum sem ökukennari og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.

Ökuskólar geta jafnframt notið lækkunar samkvæmt þessum tölulíð. Skilyrði þess eru að ökuskóli hagi skráningu á akstri bifreiðar sem nýtur lægra vörugjalds þannig að á hverjum tíma sé unnt að gera grein fyrir akstri bifreiðarinnar í þágu ökukennslu. Tollstjóri getur án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um. Sé bifreið notuð til annars er tollstjóra heimilt að innheimta fullt vörugjald skv. 3. gr. laganna með 50% álagi. Við mat á því hvort bifreið hafi einungis verið notuð til ökukennslu skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 80% af akstri hennar í þágu ökukennslu með framvísun þar til gerðar akstursbókar eða öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um þær bifreiðar sem njóta undanþágu samkvæmt þessum tölulíð.

Brot á þeim skilyrðum sem sett eru í þessum tölulíð varðar því að hinn brotlegi, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili, missir rétt til lækkunar í þrjú ár frá síðasta broti.

[4.]¹⁾ [Vörugjald af sérútbúnum bifreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt undanþáguflokki 3. gr. miðað við skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra.

Skilyrði fyrir því að bifreið sem er sérútbúin til fólksflutninga beri vörugjald samkvæmt þessum tölulíð eru að kaupandi hennar hafi leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða skv. 10. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga og farmflutninga á landi, jafnframt að bifreiðin sé eingöngu notuð í tengslum við þjónustu við ferðamenn.

Bifreið sem er sérútbúin til fólksflutninga og ber vörugjöld samkvæmt þessum tölulíð skal auðkenna með sérstökum hætti í ökutækjaskrá og skal hún bera sérstök skráningarmerki og skal útlit þeirra tilgreint nánar í reglugerð um skráningu ökutækja.]^{1) 4)}

[[5.]¹⁾ . . . ^{1) 5)}

□ [Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð⁶⁾ nánari skilyrði um þau ökutæki sem falla undir 2. mgr., svo sem um notkun ökutækis, búnað þess og hvað teljist vera aðalatvinna skv. 4. tölul. 2. mgr., svo og ákvæði um endurgreiðslu á mismun vörugjalds skv. 3. gr. annars vegar og 2. mgr. hins vegar ef skilyrðunum er ekki fylgt.]^{2) 7)}

□ . . . ³⁾

¹⁾ L. 156/2010, 3. gr. ²⁾ L. 8/2000, 3. gr. ³⁾ L. 125/2015, 28. gr. ⁴⁾ L. 56/2001, 1. gr. ⁵⁾ L. 19/2003, 2. gr. ⁶⁾ Rg. 331/2000, sbr. 446/2009 og 257/2011. ⁷⁾ L. 151/1998, 11. gr.

Innflutt ökutæki.

■ 6. gr. Þegar ökutæki er innflutt skal innflytjandi þess afhenda [tollstjóra]¹⁾ með aðflutningsskýrslu staðfestingu um forskráningu ökutækis þar sem m.a. skal gerð grein fyrir [skráðri koltvísýringslosun]²⁾ þess.

□ [Þegar ekki er unnt að leggja fram gögn um skráða losun koltvísýrings (CO₂) viðkomandi ökutækis skal losun ökutækis á hvern ekinn kílómetra ákvörðuð sem 0,12 grömm á hvert kíló skráðrar eigin þyngdar ökutækisins að viðbættum 50 grömmum af koltvísýringi.]²⁾

¹⁾ L. 147/2008, 37. gr. ²⁾ L. 156/2010, 4. gr.

■ 7. gr. [Ákvæði 4. gr., 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. og 2. tölul., 4.–8. tölul. og 13. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga, nr. 88/2005, skulu ná til vörugjalds af ökutækjum samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.]¹⁾

¹⁾ L. 147/2008, 38. gr.

Innlend framleiðsla og aðvinnsla.

■ **8. gr.** Sá aðili, er framleiðir eða vinnur að breytingum á ökutækni áður en það er skráð samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, skal skila gjaldi af ökutækni í samræmi við verðmæti þess við skráningu og samkvæmt þeim gjaldflokki sem það þá fellur undir samkvæmt lögum þessum.

□ Heimilt er að draga frá greiðslu skv. 1. mgr. það vörugjald sem þegar hefur verið greitt af ökutækni eða efnivörum til þess.

□ [Tollstjóra er heimilt að fella niður vörugjald af nýju og ónotuðu ökutækni að hámarki 1.250.000 kr. sé ökutækni breytt fyrir nýskráningu þannig að það nýti metan í stað bensíns eða dísilólú og breytingin sé staðfest og vottuð í skráningarskoðun ökutækisins. Til þess að ökutækni geti notið lækkaðs vörugjalds samkvæmt þessari málsgrein skal það vera útbúið að lágmarki 78 lítra metangeymi. Óheimilt er að fjarlægja eða gera breytingarþúnað ökutækis óvirkan innan fimm ára frá nýskráningu. Ökutækni sem nýtur lækkaðs vörugjalds samkvæmt þessari málsgrein getur ekki hlotið endurgreiðslu á vörugjöldum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum þessum um endurgreiðslu vörugjalda af ökutækjum sem hefur verið breytt þannig að ökutækni nýti metan í stað bensíns eða dísilólú.]¹⁾

¹⁾ L. 156/2010, 5. gr.

■ **9. gr.** Sé ökutækni, sem skráð hefur verið samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, breytt þannig að það flokkist í hærri gjaldflokk en við upphaflega skráningu skal skráður eigandi þess greiða viðbótarvörugjald eigi breytingin sér stað innan fimm ára frá upphaflegum skráningardegi.

□ Viðbótagjald skv. 1. mgr. skal ákveðið með eftirfarandi hætti:

a. Á framreiknaðan og afskrifaðan upphaflegan gjaldstofn skal reikna viðbótarvörugjald sem nemur mismun á nýjum gjaldflokki skv. 1. mgr. og þeim gjaldflokki er upphaflega var greitt samkvæmt.

b. Af verðmættaukningu vegna aðvinnslu eða breytinga á ökutækni skal greiða vörugjald samkvæmt nýjum gjaldflokki, sbr. 1. mgr.

c. Frá álöggðu vörugjaldi skv. a- og b-liðum er heimilt að draga vörugjald sem greitt hefur verið vegna aðfanga til aðvinnslunnar eða breytingarinnar.

Ýmis ákvæði.

■ **10. gr.** Tollstjóri getur krafist þess að gjaldskyldir aðilar leggi fram upplýsingar frá framleiðanda ökutækis um [skráða koltvísýringslosun]¹⁾ þess eða samsvarandi upplýsingar innlands aðila sem annast hefur aðvinnslu eða breytingar á ökutækni.

¹⁾ L. 156/2010, 6. gr.

■ **11. gr.** Óheimilt er að skrásetja gjaldskylt ökutækni fyrir en gjald samkvæmt lögum þessum hefur verið greitt.

□ Þeir aðilar, sem skrá og skoða ökutækni, skulu ganga úr skugga um það við skráningu ökutækis að gjald skv. II. kafla hafi verið greitt af viðkomandi ökutækni. Komi í ljós að gjald sé vangreitt skal synjað um skráningu og/eða skoðun og . . .¹⁾ tollstjóra þegar tilkynnt um það.

¹⁾ L. 147/2008, 39. gr.

■ **12. gr.** Ákveða má í reglugerð að ökutækni, sem falla undir lög þessi og ekki eru ætluð til einkanota eða undanþegin eru gjaldi samkvæmt lögum þessum, verði auðkennd sérstaklega.

■ **13. gr.** Ráðherra getur með reglugerð heimilað endurgreiðslu vörugjalds af ökutækjum sem seld eða leigð eru úr

landi. Fjárhæð endurgreiðslu skal miða við fyrningargrunn og fyrningarlutföll samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

III. kaffi. Vörugjöld af eldsneyti.*Almennt vörugjald af eldsneyti.*

■ **14. gr.** [Greiða skal [25,60 kr.]¹⁾ vörugjald af hverjum lítra af bensíni.]²⁾

¹⁾ L. 125/2015, 29. gr. ²⁾ L. 86/1999, 1. gr.

Sérstakt vörugjald af eldsneyti.

■ **15. gr.** [Auk vörugjalds skv. 14. gr. skal greiða sérstakt vörugjald, bensíngjald, af bensíni. Af blýlausu bensíni skal greiða [41,30 kr.]¹⁾ af hverjum lítra og af öðru bensíni skal greiða [43,80 kr.]¹⁾ af hverjum lítra.]²⁾

□ [Tekjum af bensíngjaldi skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun, að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við álagningu og innheimtu gjaldsins.]³⁾

¹⁾ L. 125/2015, 30. gr. ²⁾ L. 86/1999, 2. gr. ³⁾ L. 159/1998, 6. gr.

■ **16. gr.** . . .¹⁾

¹⁾ L. 86/1999, 3. gr.

■ **17. gr.** [Bensín sem verður notað eða hefur sannanlega verið notað á flugvélar skal undanþegið vörugjaldi.]¹⁾

□ [Sé bensín blandað með íblöndunarefni sem ekki er af jarðefnauppruna skal sá hluti blöndunnar sem ekki er af jarðefnauppruna undanþeginn vörugjaldi.]²⁾

¹⁾ L. 86/1999, 4. gr. ²⁾ L. 156/2010, 7. gr.

IV. kaffi. Gjaldskyldir aðilar, gjaldstofn og gjalddagar.

■ **18. gr.** Gjaldskyldir samkvæmt lögum þessum eru:

1. Allir þeir sem flytja til landsins vörur sem eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum hvort sem er til endursölu eða eigin nota.

2. Allir þeir sem framleiða hér á landi vörur sem eru gjaldskyldar samkvæmt lögum þessum, vinna að þeim eða setja þær saman hvort sem er til endursölu eða eigin nota.

□ Þeir sem gjaldskyldir eru skv. 2. tölul. 1. mgr. skulu ótilkvaddir skila vörugjaldsskýrslu vegna ökutækis o.fl. til innheimtumanns ríkissjóðs í því umdæmi þar sem þeir eru heimilisfastir og greiða gjald það sem þeim ber að standa skil á.

Gjaldstofn.

■ **19. gr.** Gjaldstofn vörugjalds samkvæmt lögum þessum af innfluttum vörum er tollverð þeirra eins og það er ákveðið skv. [V. kafla tollalaga, nr. 88/2005],¹⁾ að viðbættum gjöldum eins og þau eru ákveðin samkvæmt þeim lögum.

¹⁾ L. 147/2008, 40. gr.

■ **20. gr.** Gjaldstofn vörugjalds samkvæmt lögum þessum af gjaldskyldum vörum, sem framleiddar eru, unnið er að eða settar eru saman hér á landi, er verksmiðjuverð þeirra, þ.e. söluverð framleiðanda þeirra án vörugjalds til óháðs aðila, [sbr. 14. gr. tollalaga].¹⁾ Sé erfiðleikum bundið að ákvarða framleiðsluverð skal tollstjóri meta það. Skal við matið höfð hliðsjón af tollverði hliðstæðrar innfluttrar vöru eða framleiðsluverði hliðstæðrar vöru sem framleidd er hérlandis.

¹⁾ L. 147/2008, 41. gr.

■ **21. gr.** Gjaldstofn ökutækis, sem breytt hefur verið eða unnið hefur verið að, sbr. 8. og 9. gr., skal vera verðmæti ökutækis eftir breytingu eða aðvinnslu.

□ Sé erfiðleikum bundið að finna verðmæti ökutækis skv. 1. mgr. skal tollstjóri áætla það, sbr. 20. gr.

Gjalddagar.

■ **22. gr.** Vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skal innheimt við tollafgreiðslu. Vörugjald af innlendum framleiðsluvörum eða vörum, sem hlotið hafa aðvinnslu hér á landi, reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldrar vöru frá

framleiðanda eða heildsala og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

■ **23. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 22. gr. skal vörugjald af ...¹⁾ skráningarskyldum ökutækjum greitt áður en skráning þeirra fer fram, en þó ekki síðar en [tólf]¹⁾ mánuðum eftir tollafgreiðslu.

¹⁾ L. 41/1995, 4. gr.

■ **24. gr.** Heimilt er að ákveða með reglugerð að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu vörugjalds af eldsneyti er miðast við sölu birgða.

V. kafli. Álagning, innheimta, eftirlit o.fl.

■ **25. gr.** Gjöld, sem lögð eru á samkvæmt lögum þessum, mynda gjaldstofn til virðisaukaskatts.

□ [Tollstjóri annast álagningu og innheimtu vörugjalds samkvæmt lögum þessum og hefur með höndum eftirlit.]¹⁾

¹⁾ L. 147/2008, 42. gr.

■ **26. gr.** Heimilt er að stöðva ökutæki og færa það til skoðunar ef ástæða er til að ætla að brot hafi verið framíð samkvæmt lögum þessum. Reynist vera um brot að ræða er heimilt að taka skráningarmerki af ökutækinu til varðveislu.

■ **27. gr.** Að því leyti sem eigi er kveðið á um gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, samræmingu gjalda, eftirlit, innheimtu, vörslusviptingu, veð, uppboð, sektir, viðurlög, refsingar og aðrar framkvæmdir varðandi gjald skv. 1. gr. skulu gilda ákvæði tollalaga, [nr. 88/2005],¹⁾ ...²⁾ eftir því sem við getur átt, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

□ Breyting á skráningarskyldu frá því sem nú er ákveðið samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, hefur ekki áhrif á gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum.

¹⁾ L. 147/2008, 43. gr. ²⁾ L. 124/2014, 8. gr.

■ **28. gr.** Ráðherra getur með reglugerð¹⁾ sett nánari fyrir-mæli varðandi framkvæmd laga þessara.

¹⁾ Rg. 255/1993, sbr. 511/1993, 55/1996, 257/1996, 355/1996, 474/1997, 725/1997, 339/1998, 360/1998, 43/1999, 356/1999 og 682/2000. Rg. 331/2000, sbr. 792/2000, 555/2001, 160/2002, 805/2002, 922/2002, 334/2004, 658/2004, 176/2005, 416/2007, 193/2008, 416/2008 og 257/2011. Rg. 327/2003, sbr. 252/2004 og 558/2010. Rg. 630/2008.

VI. kafli. Gildistaka, brottfallin lagaákvæði o.fl.

■ **29. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993.

■ **30. gr.** ...

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Ákvæði laga þessara skulu gilda um allar vörur er ekki hafa verið teknar til tollafgreiðslu við gildistöku þeirra.

■ **II.** ...

■ **[III. ...]¹⁾**

¹⁾ L. 41/1995, brbák.

■ **[IV. ...]¹⁾**

¹⁾ L. 140/1997, brbák.

■ **[V. ...]¹⁾**

¹⁾ L. 83/1998, 8. gr.

■ **[VI. ...]¹⁾**

¹⁾ L. 151/1998, 12. gr.

■ **[VII.]** [Vörugjald af bifreiðum sem eru gjaldskyldar skv. 3. gr. laganna og búnar eru vélum sem nýta ...¹⁾ rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilólú skal vera [240.000]²⁾ kr. lægra en ella væri samkvæmt greininni.

□ Heimild til lækkunar skv. 1. mgr. gildir til [31. desember 2010].³⁾

□ Ráðherra getur sett nánari reglur um lækkun vörugjalds samkvæmt þessu ákvæði, svo sem um tæknilegan búnað bifreiðar, hvað teljist vera „að verulegu leyti“ skv. 1. mgr. og þau

gögn sem leggja þarf fram með umsókn um lækkun vörugjalds á grundvelli þessa ákvæðis.]⁴⁾⁵⁾

¹⁾ L. 77/2007, 1. gr. ²⁾ L. 72/2005, 4. gr. ³⁾ L. 130/2009, 3. gr. ⁴⁾ L. 29/2004, 1. gr. Breytingin tók gildi 26. maí 2004. Samkvæmt 2. gr. laganna skal endurgreiða vörugjald af þeim bifreiðum sem uppfylla skilyrði 1. gr. þeirra og tollafgreiddar eru milli 1. janúar 2004 og gildistöku laganna sé þess óskað. ⁵⁾ L. 38/2000, 1. gr.

■ **[VIII.]** Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laganna skal greiða 8,95 kr. vörugjald af hverjum lítra af bensíni frá gildistöku laga þessara til loka júní 2002.

□ Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til tollafgreiddra en óseldra bensínbirgða sem til eru í landinu við gildistöku laga þessara.]¹⁾

¹⁾ L. 22/2002, 1. gr.

■ **[IX.]** Ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, eru undanþegin gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum. Undanþága þessi gildir til [31. desember 2010].¹⁾²⁾

¹⁾ L. 130/2009, 3. gr. ²⁾ L. 72/2005, 5. gr.

■ **[X.]** Bifreiðar sem gjaldskyldar eru skv. 3. gr. laganna og búnar eru vélum og öðrum búnaði sem miðast við að bifreið nýti metangas að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilólú skulu vera undanþegnar vörugjaldi samkvæmt lögum þessum til [31. desember 2010].¹⁾

□ Tilgreina skal í ökutækjaskrá ef vörugjald hefur verið fellt niður skv. 1. mgr. svo og stærð eldsneytisgeyma.

□ Óheimilt er að breyta bifreiðum skv. 1. mgr. með brott-námi metangasbúnaðar eða með breytingum á eldsneytisgeymum.

□ Ef brotið er gegn 3. mgr. skal skráður eigandi bifreiðar, sem notið hefur niðurfellingar vörugjalds skv. 1. mgr., greiða til tollstjóra fullt vörugjald skv. 3. gr. ásamt 50% álagi.

□ Tollstjórar hafa eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis og geta gert þær athuganir sem taldar eru nauðsynlegar til að kanna hvort gerðar hafi verið breytingar á bifreið andstætt 3. mgr., þar á meðal að skoða eldsneytisgeyma og vél ökutækis.

□ [Ráðherra]²⁾ getur í reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem nánari skilgreiningu á því hvaða skilyrði vél bifreiðar og búnaður að öðru leyti þarf að uppfylla til þess að bifreið teljist nýta metangas að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilólú skv. 1. mgr., um gögn sem leggja þarf fram með umsókn um undanþágu á grundvelli þess ákvæðis og um eftirlitið.]³⁾

¹⁾ L. 130/2009, 3. gr. ²⁾ L. 126/2011, 173. gr. ³⁾ L. 77/2007, 2. gr.

■ **[XI.]** Heimilt er að endurgreiða vörugjald af áður skráðu vélknúnu ökutæki sem hefur verið afskráð og flutt úr landi enda sé ástand ökutækisins í samræmi við eðlilega notkun og aldur að mati tollstjóra. Fjárhæð endurgreiðslu skal miða við það vörugjald sem greitt var við innflutning ökutækisins. Sú fjárhæð skal lækka um 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð fyrstu 12 mánuðina eftir nýskráningu ökutækisins og 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir það þar til 100% fyrningu er náð. Samanlögð endurgreiðsla vörugjalds samkvæmt ákvæði þessu og virðisaukaskatts samkvæmt bráðabirgðaákvæði XIII í lögum um virðisaukaskatt skal ekki vera hærri en 2.000.000 kr. fyrir hvert ökutæki.

□ Tollstjóra er heimilt að innheimta skoðunargjald vegna skoðunar á notuðum ökutækjum sem flytja á úr landi skv. 1. mgr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði vegna framkvæmdar skoðunarinnar.

□ Heimild til endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. gildir til og með 31. desember 2009. Tollstjórinn í Reykjavík annast endurgreiðslu.

□ Ráðherra skal í reglugerð¹⁾ setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem nánari skilyrði fyrir endurgreiðslu, um ástand ökutækja, um gögn sem leggja þarf fram með umsókn um endurgreiðslu og um eftirlit og kærueimildir.]²⁾

¹⁾ Rg. 1144/2008. ²⁾ L. 140/2008, 1. gr.

■ [XII. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal vörugjald í eftirfarandi gjaldbilum gilda fyrir ökutæki sem eru innflutt og tollafgreidd á árinu 2011 og falla í þau gjaldbil sem tilgreind eru í töflu:

Gjaldbil	Gjald í %		
	Skráð losun CO ₂	Aðalflokkur	Undanþáguflokkur skv. 5. gr.
G	181–200	36	12
H	201–225	44	16
I	226–250	48	20
J	yfir 250	52	24

□ Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal vörugjald í eftirfarandi gjaldbilum gilda fyrir ökutæki sem eru innflutt og tollafgreidd á árinu 2012 og falla í þau gjaldbil sem tilgreind eru í töflu:

Gjaldbil	Gjald í %		
	Skráð losun CO ₂	Aðalflokkur	Undanþáguflokkur skv. 5. gr.
G	181–200	41	14
H	201–225	50	18
I	226–250	54	23
J	yfir 250	59	27] ¹⁾

¹⁾ L. 156/2010, 8. gr.

■ [XIII. Frá og með 1. janúar 2011 er tollstjóra heimilt að endurgreiða vörugjald af ökutækjum sem hefur verið breytt þannig að ökutækið nýtir metan í stað bensíns eða dísilólú og hefur verið skráð sem slíkt hjá [Samgöngustofu].¹⁾

□ Fjárhæð endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. skal vera 20% af kostnaði við breytinguna samkvæmt reikningi breytingaverkstæðis en þó ekki hærrí en 100.000 kr. Vörugjald skal því aðeins endurgreitt að ökutæki sé yngra en sex ára við breytingu, miðað við framleiðsluár, og útbúið að lágmarki 78 lítra metangeymi.

□ Eigandi ökutækis skal sækja um endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. til tollstjóra á eyðublaði sem tollstjóri útbýr. Með umsókninni skal fylgja staðfesting [Samgöngustofu]¹⁾ um að ökutæki hafi verið breytt til þess að nýta metan og að faggilt skoðunarstöð ökutækja hafi vottað breytinguna. Jafnframt skal fylgja með vottorð faggiltra skoðunarstöðvar um að ökutæki sé útbúið að lágmarki 78 lítra metangeymi.

□ Ef ökutæki, sem hlotið hefur endurgreiðslu, getur ekki nýtt metan sem eldsneyti vegna þess að breytingarbúnaður eða einhver hluti hans hefur verið fjarlægður eða gerður óvirkur innan tveggja ára frá því að vörugjald var endurgreitt skal eigandi ökutækis tilkynna tollstjóra og [Samgöngustofu]¹⁾ um að búnaður hafi verið fjarlægður eða gerður óvirkur og greiða upp endurgreiðsluna að fullu. Skylda til að tilkynna tollstjóra og [Samgöngustofu]¹⁾ um að búnaður hafi verið fjarlægður eða færður til að nota á annað ökutæki hvílir jafnframt á hverjum þeim sem annast slíkar breytingar fyrir einhvern annan.

□ Vanræki aðili að tilkynna tollstjóra innan mánaðar um að breytingarbúnaður hafi verið fjarlægður eða gerður óvirkur á einhvern hátt á því tímabili sem tilgreint er í 4. mgr. skal eigandi ökutækis greiða upp endurgreiðsluna ásamt 50% álagi.

□ Faggiltar skoðunarstofur ökutækja skulu kanna ástand og

virkni metanbúnaðar við hverja reglubundna skoðun ökutækis.

□ Heimild til endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. gildir þangað til vörugjald hefur verið endurgreitt vegna breytinga á 1.000 ökutækjum. Eigendur ökutækja sem breytt hefur verið til þess að nýta metan í stað bensíns eða dísilólú fyrir gildistöku þessa ákvæðis og hlotið hafa vottun frá faggiltri skoðunarstöð ökutækja samkvæmt reglum [Samgöngustofu]¹⁾ geta jafnframt sótt um endurgreiðslu vörugjalda.

□ Um eftirlit og kærueimildir skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 88/2005, með síðari breytingum, eftir því sem við getur átt.]²⁾

¹⁾ L. 59/2013, 8. gr. ²⁾ L. 165/2010, 59. gr.

■ [XIV. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal vörugjald í eftirfarandi gjaldbilum gilda fyrir ökutæki sem falla undir undanþáguflokk 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. vegna ökutækja sem tollafgreidd eru á árinu 2013:

Gjaldbil	Skráð losun CO ₂	Gjald í %
A	0–80	0
B	81–100	0
C	101–120	0
D	121–140	5
E	141–160	10
F	161–180	15
G	181–200	20
H	201–225	25
I	226–250	30
J	yfir 250	35

¹⁾ L. 146/2012, 20. gr.

■ [XV. Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. er bílaleigu heimilt á árinu 2013 að selja 20% af þeim fjölda ökutækja sem voru í eigu bílaleigunnar 1. janúar 2013 án þess að komi til uppgreiðslu á mismun á fjárhæð vörugjalds sem greitt var og þeirri fjárhæð sem borið hefði að greiða ef ekki hefði komið til lækkunar, hafi seld ökutæki verið í eigu bílaleigunnar í a.m.k. sex mánuði og hafi á þeim tíma verið ekið a.m.k. 20 þús. km.]¹⁾

¹⁾ L. 146/2012, 20. gr.

■ [XVI. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. skal vörugjald af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá ökutækjaleigum lagt á árin 2016 og 2017 samkvæmt undanþáguflokki 3. gr. miðað við skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis, mælt í grómmum á hvern ekin kílómetra. Lækkunin getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en 500.000 kr. og er háð því skilyrði að næstu 15 mánuði eftir nýskráningu bifreiðar verði nýtingu hennar og starfsemi ökutækjaleigu hagað sem hér segir:

a. Bifreið skal skráð á ökutækjaleigu sem hefur leyfi frá Samgöngustofu til reksturs ökutækjaleigu.

b. Ökutækjaleiga skal haga starfsemi sinni að öllu leyti í samræmi við ákvæði laga um leigu skráningar skyldra ökutækja.

c. Bifreið skal eingöngu nýtt til útleigu hjá ökutækjaleigu sem er skráð fyrir henni. Við mat á því skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 90% af akstri hennar með framlagningu leigusamninga eða með öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi.

d. Bifreið skal að öllum jafnaði leigð út til þriggja vikna eða skemur vegna tímabundinna þarfa leigutaka, svo sem vegna ferðalaga eða tímabundins afnotamissis eigin bifreiðar. Ökutækjaleigu er óheimilt að gera leigusamning við sama leigutaka, einstakling eða lögaðila, eða aðila tengdan honum, lengur en 45 daga af sérhverju 100 daga tímabili, hvort held-

ur sem um sömu bifreið er að ræða eða aðra bifreið, nema í eftirtöldum tilvikum, sbr. þó 3. mgr.:

1. Þegar leigutaki er váttryggingafélag sem hefur starfsleyfi hér á landi og bifreið er tekin á leigu vegna tímabundins afnotamissis váttryggingartaka af eigin bifreið.

2. Þegar leigutaki er lögaðili og bifreið er tekin á leigu vegna ferðalaga starfsmanna hans.

e. Ökutækjaleiga skal haga bókhaldi sínu þannig að hún geti á hverjum tíma gert grein fyrir akstri þeirra bifreiða sem bera lægra vörugjald samkvæmt þessari málsgrein. Tollstjóri getur án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um.

□ Sé bifreið notuð til annars en útleigu hjá ökutækjaleigu sem er skráð fyrir henni, sbr. c-lið 1. mgr., er tollstjóra heimilt að innheimta fullt vörugjald samkvæmt aðalflokki 3. gr. með 50% álagi.

□ Þeim sem hlotið hefur lækkun skv. 1. mgr. er heimilt að selja bifreið eða taka hana til annarrar notkunar en til útleigu hjá ökutækjaleigu innan tveggja ára tímabils, sbr. 1. mgr., enda greiði hann hluta eftirgefins vörugjalds, í réttu hlutfalli við þann tíma sem eftir er af tímabilinu.

□ Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur og skilyrði um þær bifreiðar sem njóta undanþágu skv. 1. mgr., svo sem um notkun og búnað ökutækis, svo og ákvæði um endurgreiðslu á mismun vörugjalds skv. 3. gr. annars vegar og 1. mgr. hins vegar ef skilyrðunum er ekki fylgt. Brot á ákvæðum ákvæðis þessa og reglugerðarinnar varðar því að hin brotlega ökutækjaleiga missir rétt til lækkunar frá þeim tíma þegar brot var framið.]¹⁾

¹⁾ L. 125/2015, 31. gr.